

Hvers vegna byrjaði stríðið í Úkraínu?

Lokaverkefni

Putin og kremlin er meginástæðan fyrir þessu stríði. Þetta hafa næstum öll vestrænn ríki sagt bæði opinberlega og á öllum fréttamiðlum í vesturlöndunum einnig hér á landi en við erum að reyna að finna út, Hvers vegna byrjaði stríðið í Úkraínu .Putin hefur verið að plana þessa innrás í Úkraínu og undirbúa sem hann segir vera “Sérstök hernaðaraðgerð” í 8 ár og þess mögulega innrásir í fleiri lönd. Það var orðið frekar augljóst eftir að Putin varð forseti í annað skiptið árið 2012 vildi hann endurheimta Soviétríkin og öll lönd sem fylgdu því T.D Úkraínu, Hvít-Rússland, Georgíu og öll eystrasaltslöndinn. Hann var einnig í KGB leynipjónustunni og var viðstaddur falls Soviétríkin sem hann sagði vera versta landfræðilega stórslys sem hefur gerst á 20. áratugnum. Samkvæmt rússneskum heimildum byrjaði stríðið því NATO Vildi stækka landsvæðið sitt og því var Putin búin að vara Bandaríkjunum og NATO við tveim mánuðum fyrir stríð að ef þeir myndu stækka landsvæði sitt myndu þau sjá eftir því umleið. Þetta stríð hefur mistekist rússa um að minnka landsvæði NATO því nýlega hafa svíþjóð og Finland sem hafa báðir verið hlutlausir í mörg hundruð ár sótt aðild í NATO. Pútín trúði að þetta stríð eða “sérstök hernaðaraðgerð” myndi taka tvær vikur til þess að ná Úkraínu á sitt vald, svo varð ekki og þetta stríð er nú búið að vera í u.þ.b þrjá mánuði. Putin planaði að Taka Kyiv, Kharkiv, Lviv og Odessa á þremur dögum. En með hjálp evrópusambandsins og NATO var Úkraína með bæði sterkari her og miklu betri vopn en árið 2014 þegar stríðið hafðist. Með sterkan forseta Volodymyr Zelenskiy náði Úkraína að senda Rússnesku hersveitirnar á brott frá Kyiv og nýlega frá Kharkiv. Úkraína er síðastliðna daga búinn að setja lík hjá rússneskum hermönnum í kæli lestar og er að reyna að senda líkin til Rússlands. Verðið á bensíni og Dísel er búið að hækka töluvert síðan stríðið hófst og síðan er líka búið að vera skortur af hveiti og brauði víðsvegar í Evrópu. Ef Rússland ræðst á hveiti búin í Úkraínu þá er hættu á hungursneyð víðsvegar um heiminn. Stríðið hófst í rauninni ekki 24. febrúar en alveg töluverðu lengra síðan. Árið 2014 vildi meirihluti fólks í krímskaga fá sjálfstæði frá Úkraínu eftir að Rússar innlimuðu svæðið 20. febrúar árið 2014. 11. mars fóru þeir frá Úkraínu og voru þeir hluti af Rússland af Rússlandi. Þetta gerðist allt á

meðan það var bylting í Úkraínu svokallaða Maidan-byltingin. Maidan byltingin kom með það á framfæri að Úkraína vildu ekki fá stjórnámálamenn sem eru með rússum í liði og vilja fá meiri innblástur í Úkraínu frá vestrænum ríkjum. Putin var ekki ánægður með þetta og byrjaði að gefa vopn og senda hermenn til Donbass og Luhansk. 21. febrúar 2022 þekkti Rússlandi Luhansk og Donbass sem Sjálfstæð ríki, eftir stanslausar hótanir síðastliðnu daga í febrúar árið 2022, hélt Putin ræðu sem hófst klukkan 23:00 á Úkraínskum tíma. Talandi um Sérstaka hernaðaraðgerð og sagði líka að ef einhver vestrænn ríki mundu skipta sér af þessari aðgerð væru afleiðingarnar óhugsanlega slæmar fyri þau lönd. Klukkan 04:00 24. febrúar heyrðust fyrstu sprengingarnar í Kyiv, Lviv, Kharkiv, Donetsk, Odessa, Kherson og Melitopol. Rússanir höfðu innrásina í Úkraínu. Fyrstu dagana reyndu Rússar að taka Kyiv sem virðist vera óraunverulegt fyrir Úkraínumenn að missa höfuðborgina, hjarta landsins en svo varð ekki. Úkraínu mennirnir náðu að frelsa alla í norður Úkraínu og náðu því að frelsa þar í leiðinni Kharkiv sem var búið að vera í árás Rússa síðan stríðið byrjaði.

Við höldum að við erum komnir með niðurstöðu hér. Þetta stríð er Mestlega Putin að kenna. Allir vita það að hann er áhrifavaldurinn í þessu stríði, við þurfum líka að minnast á allt fólkið sem eru að þjást bæði í Úkraínu og Rússlandi, stríð er bara gert af heimskum stjórnámálamönnum sem hafa ekkert annað að gera en að láta annað fólk þjást og setja sig í hásetið og drekka sitt kaffi venjulega meðan fólk þjáist. Make peace not war. Slava Ukraini.

vera með fána fyrir aftan okkur
í bás og merkt rautt hvar er búið að ráðast á

Heimildir:

Höfundur: Paul Kirby, gefin út: 12.maí 2022, Nafn: why has Russia
invaded Ukraine And what does putin want?

útgefandi: BBC: sótt af

<https://www.bbc.com/news/world-europe-56720589>

Höfundur: Mira Patel, Gefin út 24. Febrúar 2022 Heiti: Why Ukraine
matters to Russia. Útgefandi: The indian express

<https://indianexpress.com/article/research/why-ukraine-matters-to-russia-7736322/>